
Tvær sýningar



Ingiberg Magnússon skrifar um myndlist



Benedikt Gunnarsson: Við höfnina.

Benedikt Gunnarsson

Líkt og margir fyrrverandi abstraktmálarar hefur Benedikt Gunnarsson á síðustu árum söðlað yfir til hlutlægari formgerðar. Þessi þróun hefur orðið á ýmsan veg hjá mönnum og árangur misjafn.

Í myndgerð Benedikts hefur ekki orðið nein bylting. Þrátt fyrir náttúruhöfðun í flestum myndum hans, er óvíða um að ræða eftirmyndir náttúrulegra fyrirbæra. Myndirnar eru með öðrum orðum afskaplega óhlutlægar. Afstaða Benedikts til myndefnisins hefur ekkert breyst, þrátt fyrir breytta framsetningu. Inntakið er óhlutlægt eins og áður var.

Ég verð að játa, að þessi tegund mynda höfðar ekki ákaflega mikið til mín. Mér finnst útkoman úr þessari samsuðu, óhlutlægu innihaldi og háf hlutlægu formi, í ósamræmi við sjálfa sig, ég fæ dæmið ekki til að ganga upp. Ég hef alltaf haldið að formið þjónaði innihaldinu, og þar af leiðandi ætti innihaldið að breytast á undan forminu, en ekki öfugt.

Benedikt tekst víða að skapa eftirminnilegar myndheildir frá formrænu sjónarmiði séð og sínu best þar sem myndirnar nálgast að vera alveg óhlutlægar t.d. no 48 í sýningarskrá, Við höfnina. Þar er á ferðinni mynd sem stenst flestar kröfur sem gerðar verða til óhlutlægra mynda.

Þetta er stór sýning og verkin all misjöfn. Það er skoðun mín að sýningin hefði orðið betri ef verkunum hefði verið fækkað, eða í það minnsta flokkuð meira. Mér finnst t.d. margar pastelmyndanna alls ekki njóta sín eins og þeim er fyrir komið, en kannski á sýningarhúsnæðið mesta sök á því. Blátt áfram hræðilegt hús Kjarvalsstaðir.

Gunnar Örn Gunnarsson

Gunnar Örn hefur látið mikið að sér kveða á síðustu árum, málað mikið og sýnt oft. Á sýningu hans sem nú stendur yfir að Kjarvalsstöðum eru 68 verk, flest nýleg, að ég hygg. Þau bera þess nokkurn vott að vera unnin í flýti. Það heyriir til undantekninga ef í myndunum má greina að litur hafi verið lagður á lit, engin merki um baráttu eru sýnileg. Jafnframt beitir Gunnar í óhófi yfirborðslegum tæknibrellum, eins og að skrapa í blautan lit og fá þannig fram teikningu, sem líklega er ætlað að hjálpa upp á sakirnar þar sem mátt litarins þrýtur.

Annars eru myndir Gunnars alls ekki allar þessu marki brenndar. T.d. þykja mer myndirnar Kona með regnhlíf II, Kennarinn og 1930 afskaplega heilsteypt verk og sannast sagna bara fjandi góð.

Gunnar Örn er einn þeirra fjölmörgu sem á tímabili unnu undir afar sterkum áhrifum frá breska málaranum Francis Bacon. Sem betur fer virðist mér þetta að mestu heyra til liðinni tíð. Ég þykist geta greint að annar áhrifavaldur hafi komið til sögunnar upp á síðkastið, á ég þar við Ronald B. Kitaj. Þetta segi ég á engan hátt Gunnari til lasts og tel að engan beri að áfellast þó hann verði fyrir sjáanlegum áhrifum frá leiðandi listamönnum. Þvert á móti tel ég ástæðu til að fagna þessari breytingu, enda Kitaj mun áhugaverðari málari en Bacon.

Ingiberg.



Gunnar Örn: Kona með regnhlíf II

Sími Þjóðviljans
er 81333



Línu- og netasvæði út af Faxaflóa

Sjávarútvegsráðuneytið hefur eins og á síðast liðnu hausti gefið út reglugerð um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa. Samkvæmt reglugerð þessari eru allar botn- og flotvörpuveiðar bannaðar, tímabilið 10. nóvember 1977 til 15. maí 1978 á svæði út af Faxaflóa, sem markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur af Sandgerðisvita í punkt 64 gr 02'4 N og 23 gr. 42'0 V þaðan réttvísandi norður í punkt 64 gr. 20'O N og 23 gr. 42'0 V og þaðan í réttvísandi austur.

Reglugerð þessi, er sett vegna beiðni frá Útvegsmannafélagi Suðurnesja og að fenginni umsögn Fiskifélags Íslands, en veruleg aukning hefur orðið á línuútgerð á Suðurnesjum.



Vöruvöndun er okkar aðalsmerki

Vetrartískan frá MAX 1977

Gazella kápurnar, sjóliðajakkarnir og úlpurnar, sem voru á Iðnkynningunni í Laugardal, fást nú í eftirtöldum verslunum:

Kápan,Laugavegi 66, Reykjavik
Pandóra, Kirkjuhvoli, Reykjavik
Torgið, Austurstræti 10, Reykjavik
Sonja, Vallartorgi, Reykjavik
Valbær Akranesi
Einar & Kristján, Ísafirði
Verzlun Einars Guðfinnssonar, Bolungarvik
Verzlunin Skemman, Sauðárkróki
Verzlunin Sparta, Sauðárkróki
Verzlunin Túngata 1, Siglufirði
K.E.A., Akureyri
Markaðurinn, Akureyri
K.Þ., Húsavik
Verzlunin Túngata 15, Seyðisfirði
Kaupfélagið Fram, Neskaupstað
Kaupfélag Héraðsbúa, Egilsstöðum

MAX

Ármúla 5. Reykjavik
simi 86020